

HAFNARFJÖRÐUR

Fornleifaskráning vegna breytinga á deiliskipulagi í Mosahlíð við Kaldárselsveg á mörkum Hamarskots og Ófriðarstaða í Hafnarfirði



Heiðrún Eva Konráðsdóttir sagnfræðingur

Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur

22_____

Byggðasafn Hafnarfjarðar 2016

Fornleifaskráning

Efnisyfirlit

Mynd á forsíðu	1
Inngangur	2
Fornleifar og tilgangur fornleifaskráningar.	2
Aðferð við skráningu	3
Skráningarsvæðið	3
Saga	4
Fornleifaskráning.....	5
Kaldárselsvegur 170-1	5
Kaldárselsvegur 170-2	6
Kaldárselsvegur 170-3	7
Kaldárselsvegur 170-4	8
Kaldárselsvegur 170-5	9
Niðurstöður	10
Deiliskipulagssvæðið - heildarkort og yfirlitskort fornleifa	11
Heimildaskrá.....	13
Fylgiskjal 1	14

Mynd á forsíðu

Mynd 1: 170-1. Kartöflukofi.

Inngangur

Fornleifaskráning í Mosahlíð fyrir neðan Kaldárselsveg frá Sörlatorgi yfir Elliðavatnsveg á landamörkum Ófriðarstaða og Hamarskots fór fram í lok október og byrjun nóvember 2016. Fornleifaskráningin er gerð að beiðni Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar vegna fyrirhugaðra breytinga á deiliskipulagi afmarkaðs svæðis við Kaldárselsveg. Gengið var um svæðið fyrir norðan Kaldárselsveg frá Sörlatorgi yfir Elliðavatnsveg þann 27. og 31. október og 15. og 17. nóvember 2016.

Fornleifaskráning hefur ekki verið gerð sérstaklega fyrir þennan hluta deiliskipulagssvæðis fyrr.

Svæðisskráning fornleifa í Hafnarfirði var gerð af Fornleifastofnun Íslands 1998:

Fornleifaskráning í Hafnarfirði I. Hildur Gestsdóttir og Sædís Gunnarsdóttir. Fornleifastofnun Íslands FS065-98-12. Reykjavík 1998. Það sem þar var skráð kemur ekki inn á þennan hluta deiliskipulagssvæðisins.

Fornleifar og tilgangur fornleifaskráningar.

Með fornleifaskráningu er hægt að fá heildarsýn yfir minjar og gildi þeirra til varðveislu vegna framkvæmda af manna völdum eða að náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá árinu 2012, sem tóku gildi 1. janúar 2013 eru allar fornleifar friðaðar og sumar þeirra friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.).¹ Því eru allar fornleifar á deiliskipulagssvæðinu sem og annarsstaðar, þ.e. þær minjar sem eru eldri en 100 ára, friðaðar skv. lögnum. Ef minjar koma í ljós við hugsanlegar framkvæmdir á svæðinu ber að tilkynna það til Minjastofnunar Íslands sem mun ákvarða nánar um mótvægisaðgerðir. Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja af einhverjum ástæðum þarf að grípa til mótvægisaðgerða. Slíkar aðgerðir geta verið af ýmsum toga allt frá nákvæmri GPS staðsetningu og ljósmyndun að nákvæmri fornleifarannsókn. Fer umfang rannsókna gjarnan eftir aldir fornleifanna og tegund þeirra. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir.

¹ Lög um menningarminjar 2012 nr. 80 29. júní. Heimasíða Alþingis.

Aðferð við skráningu

Áður en að hin eiginlega fornleifaskráning hefst er farið í gegnum þær heimildir sem eru aðgengilegar, svo sem örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögu. Þá eru einnig skoðaðar loftmyndir af viðkomandi svæði, sem geta gefið upplýsingar um minjar. Þá er rætt við staðkunnuga, ef hægt er að koma því við.

Vinna á vettvangi felst í því að að ganga svæðið og skoða og skrá hvar minjar eru staðsettar eða hafa verið staðsettar samkvæmt heimildum. Skráningin felst í að lýsa viðkomandi fornleif, mæla hana upp og taka ljósmyndir. Um sjálfa skráninguna og skýrslugerð sá Heiðrún Eva Konráðsdóttir, en Bjarni F. Einarsson skoðaði svæðið á vettvangi og þær fornleifar sem þar fundust og las yfir skýrslu.

Í skýrslunni fá staðsettar fornleifar jarðanúmer samkvæmt Jarðatali Johnsens frá 1847.² Umrætt svæði liggur á mörkum Ófriðarstaða og Hamarskots, í þessari skýrslu fær svæðið númer Ófriðarstaða, en jörðin hefur jarðarnúmerið 170 og síðan fær hver fornleif hlaupandi númer innan verkefnisins. Þannig fær svæðið neðan Kaldárselsvegar auðkennið: 170 -1 til 170-5. Fornleifarnar eru skráðar í menningasögulega gangasafnið Sarp, þar sem jörðin Ófriðarstaðir hefur númerið 181128-170 og svo hlaupandi númer.

Við fornleifaskráninguna er reynt að leggja mat á hvaða tegund minja er um að ræða, eins og hóbýli manna, útihús eða nöfn staðhátta í landinu, sem gefa vísbendingu, svo sem eyktarmörk.

Þá er athugað hversu vel viðkomandi minjar eru varðveittar, og hversu mikil hætta steðjar að þeim vegna verklegra framkvæmda, jarðræktar eða landrofs. Við mat þetta eru notaðir skráningarstuðlar Minjastofnunar Íslands, sem er að finna á vef stofnunarinnar.

Reynt er að leggja áætlað mat á aldur minjanna, þá eru þær metnar eftir ástandi, útliti og gróðurfari í og við þær. Ef heimildir eru um aldur minjanna er þess sérstaklega getið. Í þessari skýrslu eru einnig taldar upp minjar á svæðinu sem vert þykir að skrásetja þó svo að þær teljist ekki til fornleifa þar sem þær ná ekki 100 ára aldri.

Minjar voru staðsettar á vettvangi af Ingvari Reynissyni hjá Framkvæmdasviði Hafnarfjarðarbæjar.

Yfirlitsmynd af skráningarsvæðinu er að finna aftast í skýrslunni.

Skráningarsvæðið

Sá hluti deiluskipulagsverkefnisins sem eftir var að fornleifaskrá er í Mosahlíð á mörkum Ófriðarstaða og Hamarskots í landi Hafnarfjarðar. Deiliskipulagsverkefnið er unnið fyrir Hafnarfjarðarbæ af teiknistofunni Storð ehf.

Heiti deiluskipulagsverkefnisins er: Deiliskipulag fyrir Kaldárselsveg í Hafnarfirði. Unnið vegna breyttrar legu og nýrra gatnamóta á Kaldárselsvegi frá Sörlatorgi við Reykjanesbraut, að Ásvallabraut og inn fyrir Hlíðarþúfur.

Deiliskipulagslýsing tillaga í vinnslu 28. október 2016:

² Jarðatal Johnsens 1847, bls.92.

„Þetta er deiliskipulag unnið vegna breytinga á vegtengingum á Kaldárselsvegi vegna breyttrar legu og nýrra gatnamóta á Kaldárselsvegi frá Sörlatorgi við Reykjanesbraut og inn fyrir Hlíðarþúfur. En vegurinn tengir saman íbúðahverfin í Mosahlíð og Setberg um Klettahlíð, og Ásland 3, byggðina vestan Reykjanesbrautar, hesthúsasvæðin og Ásvallabraut sem tengir saman Ásland og Vallahverfi....Tilgangur þessarar breytingar á deiliskipulagi er að koma á formlegu deiliskipulagi fyrir framkvæmdir við vegtengingu á milli hverfa í Hafnarfirði. Á fundi skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar þann 22. apríl 2014 var samþykkt að hefja vinnu við deiliskipulag á umræddu svæði.... Deiliskipulagið nær til svæðis sem liggur á milli nokkurra deiliskipulagsáætlana og er ætlað að tengja saman þá vegi sem liggja að deiliskipulagssvæðinu og auka umferðaröryggi á svæðinu. Einnig er ætlunin að auka öryggi gangandi og hjólandi á svæðinu, en Kaldárselsvegur er lykiltenging fyrir íbúa og þá sem nýta sér uppland Hafnarfjarðar til fjölbreyttrar útivistar. Ný lega Ásvallabrautar liggur fyrir og er lega hennar á milli Hlíðarþúfa og íbúabyggðarinnar í Áslandi.”

Saga

Ófriðarstaðir voru konungsjörð í Garðahreppi, fyrrum Álftaneshreppi, en árið 1885 var nafni jarðarinnar breytt í Jófriðarstaði.³ Hafnafjarðarbær keypti jörðina árið 1915 en Kapólska trúboðið eignaðist landið árið 1924.⁴ Ófriðarstöðum er lýst svo í Jarðabók Árna og Páls: “Jarðadýrsléiki er óviss. Eigandinn kóngl. Majestat.... Landskuld er íxxv álnir.... Leigukúgildi ii”⁵ Mosahlíð liggur á mörkum Ófriðarstaða og Hamarskots, í þessari skýrslu er það skráð í landi Ófriðarstaða(Jófriðarstaða). Í örnefnaskrá eftir Gísla Sigurðsson segir: “Hér kom Selvogsgatan og lá inn á Mosahlíð(64) en þar var í eina tíð Mosahlíðarvarða(65), landamerki milli Hamarskots og Ófriðarstaða.”⁶ Ekki finnast heimildir um búsetu eða mannvistarminjar á svæðinu fyrir 1930, en fram að því voru þar aðeins melar, en eftir það var svæðið nýtt fyrir fjárhús frístundabænda og matjurtargarða bæjarbúa. Búnaðarfélag Hafnarfjarðar var stofnað um þetta leiti, eða árið 1928 og ellefu árum síðar var fjáreigendafélag Hafnarfjarðar stofnað, árið 1939. Sauðfé fækkaði ört frá því Búnaðarfélagið var stofnað til ársins 1980. Árið 1927 voru 2128 kindur í Hafnarfirði en árið 1980 voru þær orðnar 511 í eigu 32 einstaklinga.⁷ Aðeins eitt fjárhúsanna stendur enn og þar er Hafnirskur frístundabóndi með nokkrar kindur. Um miðja öldina breyttust atvinnuhætti í bænum mikið og íbúabyggð stækkaði ört. Því minnkaði það land sem áður var notað til fjárbeitar og ræktunar.⁸

³ Ö-Ófriðarstaðir 1.

⁴ Ö-Ófriðarstaðir 1 og Hildur Gestsdóttir og Sædis Gunnarsdóttir: *Fornleifaskráning í Hafnarfirði I*. bls. 141.

⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Bls. 172.

⁶ Ö-Hamarskot 2.

⁷ Ásgeir Guðmundsson: *Saga Hafnarfjarðar*. 3. bindi. Bls. 165-167

⁸ Ásgeir Guðmundsson: *Saga Hafnarfjarðar*. 3. bindi. Bls. 166

Fornleifaskráning

Kaldárselsvegur 170-1



Mynd 1. Horft yfir kartöflukofann til.

Hlutverk: Kartöflukofi

Tegund: Hús

Aldur: 1900-1970

Hnit: X 356.722.609 Y 398.408.254

Staðhættir: Kartöflukofinn liggur í brekku um 40 m norðan við núverandi Kaldárselsveg og um 10 m frá göngustíg sem liggur samhliða Kaldárselsvegi. Kofinn stendur um 200 m frá Sörlatorgi. Kofinn stendur í ósléttu mikið grónu landi.

Lýsing: Suður- og austurhlið kofans eru byggðar inn í brekkuna og hann er byggður inn í eldri hleðslu, sem er mest áberandi á vesturhlið kofans en fyrir framan hann er hleðslan mjög gróin. Stoðirnar eru úr timbri, framhliðin er bárujárnsklædd og inni í kofanum má sjá að veggirnir eru að hluta til steiptir upp með stórum steinum. Þakið er úr bárujárni, ofaná bárujárninu er fiskinet og þar ofaná er torf. Í kofanum er moldargólf og hann hefur verið einangraður með frauðplasti. Kofinn var notaður sem kartöflugeymsla eða köld geymsla. Á svæðinu voru fjárhús frístundabænda og matjurtargarðar Hafnfirðinga um 1930. Kofinn er að hruni kominn og ekki er gengt inn í hann þar sem þakið er sigið fyrir ofan dyrnar. Hleðslurnar í kringum kofann eru sennilega ekki svo gamlar, má ætla að þær séu ekki eldri en frá fyrstu áratugum 20. aldar. Stærð kofans að meðtöltum eldri hleðslum er 6,2 m að lengd, 3,5 m að breidd og 2,8 m að hæð, kofinn stendur í stefnunni NV-SA en dyrnar snúa í NA.

Kaldárselsvegur 170-2



Mynd 2, horft yfir ræktunarsteina 170-2 til suðurs..

Hlutverk: Ræktunarsteinar

Tegund: Hleðsla

Aldur: 1940-1961

Hnit: X 357.086.817 Y 397.972.116

Staðhættir: Ræktunarsteinarnir eru í túninu við fjárhúsið sem stendur á mótum Elliðavatnsvegar og Kaldárselsvegar. Ræktunarsteinarnir standa austanmegin í túninu um 50 metra austur af fjárhúsinu.

Lýsing: Ræktunarsteinarnir eru frá þeim tíma er túnið var ræktað upp. Steinarnir hafa verið tíndir úr túninu og þeim hlaðið upp. Steinarnir eru vel hlaðnir, stórir steinar eru settir yst og minni steinar settir í miðjuna. Bætt hefur verið í hleðsluna eftir því sem fleiri steinar hafa komið upp á yfirborðið í túninu. Áætla má að þessar hleðslur séu frá miðri 20. öldinni og ekki eldri en frá því um 1930. Jón Vídalín Hinriksson, f. 1904 d. 1961, byggði fjárhúsin á mótum Elliðavatnsvegar og Kaldárselsvegar. Ekki er vitað nákvæmt byggingarár en Jón deyr árið 1961 og hefur hann því byggt húsin fyrir þann tíma. Heimildir frá Hafnarfjarðarbæ um úthlutun ræktunarlóðar til Jóns Vídalíns eru til en ártalið vantar.⁹ Stærð hleðslunnar er 10 m á lengd, 4 m á breidd og 1,6 m á hæð það sem þeir eru hæstir, í stefnunni NNV-SSA. Þessir ræktunarsteinar eru töluvert stærri en nr. 170-3.

Heimildir: Heimildarmaður: Jón Vídalín Hinriksson afabarn Jóns Vídalíns Hinrikssonar, en hann byggði fjárhúsið.

⁹ Ræktunarlóðir í Hafnarfirði. Varðveitt á Bókasafni Hafnarfjarðar.

Kaldárselsvegur 170-3



Mynd 3, horft á Ræktunarsteina 170-3 í austur.

Hlutverk: Ræktunarsteinar

Tegund: Hleðsla

Aldur: 1930-1961

Hnit: X 357.067.065 Y 398.013.219

Staðhættir: Ræktunarsteinarnir eru í túninu við fjárhúsið sem stendur á mótum Elliðavatnsvegar og Kaldárselsvegar. Ræktunarsteinarnir standa norðanmegin í túninu um 10 metra frá fjárhúsinu.

Lýsing: Ræktunarsteinarnir eru frá þeim tíma er túnið var ræktað upp og smátt og smátt hefur verið bætt í hleðslurnar. Steinarnir hafa verið tíndir úr túninu og þeim hlaðið upp. Steinarnir eru vel hlaðnir, stórir steinar eru settir yst og minni steinar settir í miðjuna. Inni í miðri hleðslunni er upp rúllaður girðingavír en erfitt er að segja hver tilgangur þess sé. Áætla má að þessar hleðslur séu frá miðri 20. öldinni og ekki eldri en frá því um 1930. Jón Vídalín Hinriksson, f. 1904 d. 1961, byggði fjárhúsin á mótum Elliðavatnsvegar og Kaldárselsvegar. Ekki er vitað nákvæmt byggingarár en Jón deyr árið 1961 og hefur hann því byggt húsin fyrir þann tíma. Heimildir frá Hafnarfjarðarbæ um úthlutun ræktunarlóðar til Jóns Vídalíns eru til en ártalið vantar.¹⁰ Stærð hleðslunnar er 5,9 m á lengd, 3,5 m á breidd og 1,1 m á hæð þar sem hún er hæst, í stefnunni NNV-SSA. Ræktunarsteinar þessir eru minni en nr. 170-2. Samkvæmt deiluskipulagi liggur nýr vegur yfir ræktunarsteina 170-3.

Heimildir: Heimildarmaður: Jón Vídalín Hinriksson.

¹⁰ Ræktunarlóðir í Hafnarfirði. Varðveitt á Bókasafni Hafnarfjarðar.

Kaldárselsvegur 170-4



Mynd 4, horft á garðinn til suðausturs.

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Garður

Aldur: 1800-1900



Mynd 5, horft á garðinn til norð-norð vesturs.

Hnit: Garður: X 357.138.292 Y 397.990.180

Steinhrúgur: X 357.121.130 Y 397.979.849 og X 357.133.051 Y 397.984.748

Staðhættir: Garðurinn er í túninu við fjárhúsið sem stendur á mótum Elliðavatnsvegar og Kaldárselsvegar. Garðurinn er staðsettur í norðaustur horni túnsins 40 metra norðaustur af fjárhúsinu.

Lýsing: Garðurinn er mjög gisinn, gerður úr stórum steinum. Austan við garðinn fyrir miðju hefur litlum ræktunarsteinum verið raðað í hrúgur. Garðurinn gæti verið gamalt landamerki eða garður fyrir búfénað, ekki er talið að búseta hafi verið á þessu svæði. Erfitt er að segja til um aldur garðsins en hann er nokkuð gamall. Stærð garðsins er 27,5 m á lengd 2, m á breidd þar sem hann er breiðastur en 20 cm þar sem hann er mjóstur og 30-40 cm m á hæð og hann liggur í stefnunni NNA-SSV. Samkvæmt deiluskipulagi liggur nýr vegur yfir garðinn.

Athugasemdir: Ef ekki er hægt að komast hjá raski á svæðinu þarf leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Kaldárselsvegur 170-5



Mynd 6, horft yfir tóftina til norðvestur.



Mynd 7, horft yfir tóftina til suðvesturs.

Hlutverk: Tóft

Tegund: Fjárskýli

Aldur: 1800-1900

Hnit: X 357.089.823 Y 397.991.632

Staðhættir: Tóftin er í miðju túninu um 20 m frá fjárhúsinu sem stendur á mótum Elliðavatnsvegur og Kaldárselsvegur.

Lýsing: Tóftin er nokkuð gömul þó erfitt sé að ákvarða aldur hennar. Áður hefur hún sennilega þjónað tilgangi sem íverustaður fyrir sauðfé en á síðari tímum hefur ræktunarsteinum verið bætt í hana. Stærð tóftarinnar er 9 m á lengd 4,5 m á breidd í stefnunni NNA-SSV og dýrmótið hefur snúið í SSA.

Athugasemdir: Ef ekki er hægt að komast hjá raski á svæðinu þarf leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Niðurstöður

Ekki hafa fundist neinar heimildir um búsetu eða aðrar minjar á þessu svæði. Á þessum stað voru aðeins móar og melar, þar til farið var að nýta landið til jarðræktar og fjárbeitar um 1930. Fimm minjar eru á svæðinu sem taldar eru upp í skýrslu þessari, tvær þeirra teljast til fornleifa en hinar þrjár þykir vert að gera grein fyrir í skýrslu þessari þó svo þær teljist ekki til fornleifa, þar sem þær ná ekki 100 ára aldri. Um 1930 var farið að nýta landið undir aðstöðu fyrir frístundabænda og kartöflugarða fyrir bæjarbúa. Einn kartöflukofi er ennþá uppistandandi. Kofinn er ekki orðinn 100 ára og teljast því ekki sem fornleifar, en hann stendur inn í eldri hleðslu sem ekki er talin mjög gömul. Samt sem áður þykir rétt að nefna hann í þessari skýrslu, þó svo að kofinn sé að hrúni kominn þá ber hann merki fyrri tíma. Austan Elliðavatnsvegar er fjárhús, þar er frístundabóndi úr Hafnarfirði enn með kindur sínar. Húsið er byggt á tímabilinu 1940-1960 og fellur því ekki undir lög um húsafriðun. Í suð-austur horni túnsins er afmarkaður skiki sem hefur verið notaður sem matjurtargarður. Í túninu við fjárhúsið eru tveir staflar af ræktunarsteinum, þegar túnið var ræktað upp voru steinarnir teknir úr túninu og hlaðið upp. Má ætla að það hafi verið gert um svipað leiti og fjárhúsið var byggt og svo bætt hleðsluna eftir því sem fleiri steinar komu upp í túninu. Þessar minjar teljast ekki til fornleifa þar sem þær ná ekki 100 ára aldri.

Við frekari skoðun komu í ljós tvær minjar sem teljast til fornleifa í túninu við fjárhúsið á mótum Elliðavatnsvegar og Kaldárselsvegar, garður og tóft. Má ætla að tóftin hafi verið notuð sem íverustaður dýra en erfitt er að segja til um aldur hennar. Á síðari tímum hefur ræktunarsteinum verið raðað í tóftina. Garðurinn gæti verið gamalt landamerki eða garður fyrir búfénað, ekki er talið að búseta hafi verið á svæðinu. Erfitt er að segja til um aldur garðsins en hann er nokkuð gamall.

Við framkvæmdir ber sérstaklega að varast að nýta svæði í kringum fornleifar sem geymslustaði, brautir fyrir vélar og tæki eða efnisgeymslur, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Ef ekki er hægt að komast hjá raski á svæðinu þarf leyfi Minjastofnunar Íslands og fylgja þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Deiliskipulagssvæðið - heildarkort og yfirlitskort fornleifa



Yfirlitskort yfir hið deiluskipulagða svæði við Kaldárselsveg. Kartöflukofinn og ræktunarsteinar 1 og 2 merktir inn á kortið.



Ræktunarsteinar 1 og 2, garðurinn og tóftin.



Kartöflukofinn.



Loftmynd frá árinu 1985.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir:

Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 3. Bindi. Gullinbringu- og Kjósarsýsla. Kaupmannahöfn 1923-1924.

Ásgeir Guðmundsson: *Saga Hafnarfjarðar*. 3. bindi. Hafnarfjörður 1984.

Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845 og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kaupmannahöfn 1847.

Aðrar heimildir:

Deiliskipulag fyrir Kaldárselsveg í Hafnarfirði. Unnið vegna breyttrar legu og nýrra gatnamóta á Kaldárselsvegi frá Sörlatorgi við Reykjanesbraut, að Ásvallabraut og inn fyrir Hlíðarþúfur. Teiknistofunni Storð ehf 2016.

Hildur Gestsdóttir og Sædís Gunnarsdóttir: *Fornleifaskráning í Hafnarfirði I..* Fornleifastofnun Íslands FS065-98-12, Reykjavík 1998.

Lög um menningarminjar 2012 nr. 80 29. júní. Heimasíða Alþingis: <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>. Lögin tóku gildi 1. janúar 2013. Þingskjal 1610, 140. löggjafarþing 316. mál: menningarminjar (heildarlög).

Ræktunarlóðir í Hafnarfirði. Skjöl er varða úthlutun ræktunarlóða Hafnarfjarðabæjar til einstaklinga og fyrirtækja við Kaldárselsveg. Varðveitt á Bókasafni Hafnarfjarðar, óskráð, í kassa merkt ræktunarlóðir – Kaldárselsvegur.

Örnefnaskráning Hamarskot Gísli Sigurðsson skráði. . Örnefnastofnun. Gullinbringusýsla. Hafnarfjörður.

Örnefnaskráning Ófriðarstaðir. Gísli Sigurðsson skráði. Örnefnastofnun. Gullinbringusýsla. Hafnarfjörður.

Fylgiskjal 1

1	356.722.609	398.408.254	50.762	Kartöflukofi 170-1
2	356.721.486	398.410.850	50.792	Kartöflukofi 170-1
3	356.721.198	398.412.158	50.759	Kartöflukofi 170-1
4	356.721.849	398.413.489	50.406	Kartöflukofi 170-1
5	356.725.621	398.412.961	49.441	Kartöflukofi 170-1
6	356.725.808	398.412.083	49.762	Kartöflukofi 170-1
7	356.727.410	398.411.809	49.040	Kartöflukofi 170-1
8	356.727.001	398.408.878	49.460	Kartöflukofi 170-1
9	356.723.919	398.408.899	50.572	Kartöflukofi 170-1
10	357.086.817	397.972.116	40.030	Raektunarsteinar 170-2
11	357.087.193	397.969.233	39.924	Raektunarsteinar 170-2
12	357.090.935	397.965.189	39.483	Raektunarsteinar 170-2
13	357.092.163	397.963.691	39.365	Raektunarsteinar 170-2
14	357.092.985	397.963.452	39.315	Raektunarsteinar 170-2
15	357.093.771	397.965.910	39.507	Raektunarsteinar 170-2
16	357.092.902	397.968.830	39.728	Raektunarsteinar 170-2
17	357.091.494	397.971.968	39.955	Raektunarsteinar 170-2
18	357.091.005	397.972.948	39.860	Raektunarsteinar 170-2
19	357.067.065	398.013.219	42.484	Raektunarsteinar 170-3
20	357.065.401	398.013.008	42.533	Raektunarsteinar 170-3
21	357.064.147	398.014.720	42.601	Raektunarsteinar 170-3
22	357.063.890	398.017.537	42.634	Raektunarsteinar 170-3
23	357.066.382	398.018.842	42.534	Raektunarsteinar 170-3
24	357.067.775	398.017.074	42.462	Raektunarsteinar 170-3
25	357.067.104	398.013.260	42.472	Raektunarsteinar 170-3
26	357.083.002	397.993.748	41.353	Tóft 170-5
27	357.083.646	397.990.739	41.182	Tóft 170-5
28	357.087.524	397.992.104	41.090	Tóft 170-5
29	357.088.549	397.993.559	41.214	Tóft 170-5
30	357.089.823	397.991.632	41.012	Tóft 170-5
31	357.091.036	397.992.260	40.985	Tóft 170-5
32	357.090.874	397.995.399	41.192	Tóft 170-5
33	357.089.678	397.998.369	41.295	Tóft 170-5
34	357.083.116	397.994.021	41.368	Tóft 170-5

35	357.109.453	397.974.745	39.476	Gardur 170-4
36	357.112.850	397.976.530	39.591	Gardur 170-4
37	357.121.301	397.981.282	39.700	Gardur 170-4
38	357.126.989	397.984.615	39.749	Gardur 170-4
39	357.132.340	397.987.487	39.745	Gardur 170-4
40	357.138.292	397.990.180	39.559	Gardur 170-4
41	357.138.860	397.989.029	39.509	Gardur 170-4
42	357.126.823	397.983.265	39.697	Gardur 170-4
43	357.117.232	397.976.979	39.471	Gardur 170-4
44	357.113.901	397.974.883	39.444	Gardur 170-4
45	357.110.870	397.973.482	39.394	Gardur 170-4
46	357.121.836	397.978.101	39.543	Ræktunarsteinar í garði 170-4
47	357.120.897	397.978.835	39.592	Ræktunarsteinar í garði 170-4
48	357.121.130	397.979.849	39.658	Ræktunarsteinar í garði 170-4
49	357.123.400	397.980.810	39.703	Ræktunarsteinar í garði 170-4
50	357.123.904	397.979.534	39.614	Ræktunarsteinar í garði 170-4
51	357.123.524	397.978.868	39.559	Ræktunarsteinar í garði 170-4
52	357.130.111	397.982.289	39.705	Ræktunarsteinar í garði 170-4
53	357.128.875	397.983.271	39.738	Ræktunarsteinar í garði 170-4
54	357.129.937	397.984.480	39.807	Ræktunarsteinar í garði 170-4
55	357.131.107	397.985.039	39.869	Ræktunarsteinar í garði 170-4
56	357.132.862	397.985.438	39.716	Ræktunarsteinar í garði 170-4
57	357.133.051	397.984.748	39.692	Ræktunarsteinar í garði 170-4
58	357.132.512	397.983.112	39.602	Ræktunarsteinar í garði 170-4
59	357.130.658	397.983.088	39.756	Ræktunarsteinar í garði 170-4
60	357.130.392	397.982.263	39.658	Ræktunarsteinar í garði 170-4